

AUGLÝSING um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

1. *Deiliskipulag um 18 ha lögbýlis úr landi Þórisstaða, Lyngbær.*

Í deiliskipulaginu felst að á 18 ha svæði er heimilt að reisa allt að 300 m² íbúðarhús, 100 m² bílskúr, 200 m² hesthus og 350 m² aðstöðuhús.

Samþykkt í sveitarstjórn 6. mars 2013.

2. *Breyting á deiliskipulagi frístundasvæðis í landi Vaðness, Hvítárbraut 19 a, b og c.*

Í breytingunni felst að lega og stærðir lóðanna breytast á þann veg að lóð 19a verður 5.000 m² í stað 14.400 m², 19b verður 5.000 m² í stað 5.060 m² og 19c verður 21.860 m² í stað 12.400 m². Skilmálar breytast á þann veg að stærðir húsa miðast eingöngu við nýtingarhlutfallið 0,03 en ekki hámarksstærðina 250 m².

Samþykkt í sveitarstjórn 6. maí 2013.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlutið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 30. maí 2013.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 12. júní 2013